

VELKOMIN Í SKÓGINN Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

SAGA SKÓGARINS

Upphaf skógarins má rekja til þess að bændur á Kirkjubæjarklaustri girtu af brekkurnar ofan við bæinn. Á sama tíma stóð yfir barátta við sandfok austan við Kirkjubæjarklaustur en sandfok var farið að ógna byggð á svæðinu. Árið 1945 voru gróðursettar 60.000 birkiplöntur af heimafólki á Klaustri og fólki úr sveitinni. Áttu hjónin Helgi Lárusson og Sigurlaug Helgadóttir stóran þátt í því að til skógarins var stofnað. Á næstu árum var bætt inn sitkagreni-, lerki- og furutrjám. Var skógurinn einn stærsti einkaskógur á landinu.

Árið 1966 var gerður samningur við Skógrækt ríkisins (nú Land og skóg) um viðhald girðinga og umsjón með skóginum. Hefur stofnunin gert stíga um skóginn, sett upp bekki og bætt við ýmsum skjólsælli trjategundum í skóginn.

TRJÁTEGUNDIR OG GÖNGULEIÐIR

Skógarlundir eru sitt hvorum megin við Systrafoss. Í skóginum vex aðallega birki og sitkagreni, en þar má einnig finna reyni-við, blæösp, stafafuru, elri, ask, álm, þöll og fleiri tegundir.

Gönguleið að Systravatni liggur upp í gegnum skóginn og kallast leiðin Gjót.

Hæstu tré á Íslandi er að finna í skóginum. Það hæsta, sitkagreni gróðursett 1949, mældist 30 m hátt árið 2022.




AÐ SÖNGHELLI
TO SÖNGHELLIR
Gul leið – 0,2 km



HRINGLEIÐ
CIRCULAR TRAIL
Rauð leið – 3,3 km



SKÓGARSTÍGUR
FOREST TRAIL
Græn leið – 0,5 km



THE HISTORY OF THE FOREST AT KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

The forest at Kirkjubæjarklaustur was planted by the families at Kirkjubæjarklaustur farm with help from local people. At the time, the farmers were also fighting severe soil erosion east of Kirkjubæjarklaustur, threatening the farm.

The first trees were planted in 1945, 60,000 downy birch seedlings, followed by planting of other species such as Sitka spruce, larch and pine in the subsequent years. This forest used to be one of the largest private forests in Iceland.

In 1966, The former Icelandic Forest Service took over the supervision of the forest and started building trails, planting various tree species and setting up benches.

The tallest trees in Iceland are growing within the forest. The tallest one, a Sitka spruce planted in 1949, measured 30 meters in 2022.

The forest is now managed by Land and Forest Iceland.

**Göngum vel um viðkvæma náttúru
og kveikjum ekki eld.**

VERIÐ VELKOMIN Í SKÓGINN
Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI!



Land og skógur

Land og skógur – s. 570 5550 – www.landogskogur.is